

Fundur Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn fimmtudaginn 20. júní 2013, kl. 11.30. Fundurinn var haldinn í síma, mætt voru Sigurður Pétursson Ísafjarðarbæ, formaður, Elías Jónatansson Bolungarvík, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Tálknafjarðarhreppi, Guðbrandur Sverrisson Kaldrananeshreppi, og Gústaf Jökull Ólafsson Reykhólahreppi. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV.

Eitt mál var á dagskrá. *Málþing um samgöngumál á Vestfjörðum.*

Kynnt dagskrá málþings um samgöngumál sem haldið verður í íþróttahúsinu á Tálknafirði þann 21. júní n.k. Þingið hefur verið skipulagt af samgöngunefnd og stjórn FV.

Framsögu af hálfu FV flytja Sigurður Pétursson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Guðbrandur Sverrisson, af hálfu atvinnulífs Gunnþórunn Bender, Westfjord Adeventure og Höskuldur Sverrisson, Fjarðarlax og Víkingur Gunnarsson, Arnarlax. Af hálfu stjórnvalda flytja erindi Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra og Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.

Rætt um efni erinda fulltrúa FV og samræmt á milli framsögumanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12.00.